

Nr. 349

20. mars 2009

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2009.

Flugmálastjórn hefur ákveðið að frá og með 20. mars 2009 skulu viðurkenndar viðhaldsstöðvar, viðhaldsvottar og handhafar flugrekstrarleyfa útgefinna af Flugmálastjórn Íslands fara eftir skýringaefni ákvarðana Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) nr. 2003/1/RM og nr. 2003/19/RM ásamt síðari breytingum (Acceptable Means of Compliance and Guidance Material to Part 21, Part M, Part 145, Part 66 and Part 147). Fyrri ákvörðunin var gefin út með vísan til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 205 frá 28. febrúar 2007, um lofhæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja. Seinni ákvörðunin var gefin út með vísan til reglugerðar framkvæmdastjórnar (EB) nr. 2024/2003 sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 206 frá 28. febrúar 2007, um viðvarandi lofhæfi loftfara og flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði.

Samhliða fellur úr gildi ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 6/2007.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 er ákvörðun þessi birt í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. mars 2009.

Pétur K. Maack flugmálastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. apríl 2009